



Þú ert hér: Forsíða / Fréttir / Angus-nautin á Stóra-Ármóti farin að gefa sæði

Nýjustu fréttir

Frétt

Fyrsta sæðistaka úr Angus-nautunum á Stóra-Ármóti

Fyrstu naut úr 2018 árgangi í dreifingu

Heildareinkunn verður breytt í kynbótamati nautgriparæktarinnar

Angus-nautin á Stóra-Ármóti farin að gefa sæði

Þrjú ný reynd naut til notkunar

Sandur 07014 er undan Hræsingi 98046

Leiðrétting á ætterni Skjás 10090 og Hróks 15023

Leiðrétt faðemi Orms 17003

Síðustu fjögur nautin úr árgangi 2017

Dýralæknir óskast til starfa

Angus-nautin á Stóra-Ármóti farin að gefa sæði

08/08/2019

Sæðistaka úr Angus-nautunum á Stóra-Ármóti mun hefjast innan skamms en á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands er sagt frá því að í gær (7. ágúst) hafi fyrstu sæðisskammtarnir náðst úr tveimur nautanna.

Undirbúningur hefur staðið yfir frá því snemma í júlí en um síðustu mánaðamót lágu fyrir niðurstöðu sýnatöku m.t.t. til smitsjúkdóma. Þau sýni reyndust öll vera neikvæð, þ.e. enga sjúkdóma er að finna í gripunum.

Nautin eru um eða að verða 11 mánaða gömul og því ljóst að þetta er fyrsti tími til sæðistöku. Það sæði sem náðist í gær var eingöngu til prófunar en var ekki tekið til frystingar en þess verður þó að geta að sæðisgæði voru vel viðunandi miðað við að um fyrstu skammta var að ræða. Ef vel gengur ætti nýtt holdasæði því að geta komið til dreifingar í lok ágúst eða byrjun september.



/gj

PDF af þessari síðu

 Líkar þetta Nýskráðu þig til að sjá hvað vinir þínir kunna að meta.